Eftirtaldir aðilar styrkja **BRUNAVARNAÞING 2018:**

Brunabótafélag Íslands
eignarhaldsfélag

SHS Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

# BRUNAVARNAÞING 2018

## Umhverfi slökkviliða

**Fjallað verður um umhverfi slökkviliða og þau margvíslegu viðfangsefni áskoranir sem þau þurfa að fást við**

**Þingstjóri verður Elísabet Pálmadóttir, framkvæmdastjóri Inspectionem**

**haldið á Hótel Natura**
**16. maí 2018**

## Brunatæknifélag Íslands

Brunatæknifélagið er vettvangur áhugafólks um brunamál og er auk þess að hluta til Íslandsdeild Institution of Fire Engineers (skammstafað I.F.E.). Deildin var stofnuð formlega árið 1991 og hefur starfað samfleytt síðan. Á hverju ári eru haldnir a.m.k. 6 fundir um ýmis málefni sem snerta brunavarnir. Félagið heldur einnig úti vefsíðu www.bti.is með fréttum og efni sem tengist starfinu og sendir út rafrænt fréttabréf.

Félagsmenn geta orðið allir þeir sem hafa áhuga á og starfa á einn eða annan hátt að brunavörnum. Um þessar mundir eru félagsmenn 140 talsins og koma úr ýmsum starfsgreinum sem tengjast brunavörnum.

## Institution of Fire Engineers

Institution of Fire Engineers var stofnað 31. október 1918 í Edinborg í Skotlandi. Aðalstöðvar félagsins eru nú í Leicester í Englandi. Undir merki félagsins starfa 50 deildir um allan heim og halda deildirnar fundi, ráðstefnur, gefa út fréttabréf og fleira. IFE gefur auk þess út tímarit, Fire Risk Management. Félagsmenn eru alls um 11.000 talsins út um allan heim. Þeir gegna mörgum mikilvægum störfum og ábyrgðarstöðum tengdum brunavörnum, hver í sínu landi.

Íslenska deildin var sú fyrsta sem var stofnuð utan landa fyrrum breska samveldisins, en nú eru einnig starfandi deildir í Svíþjóð, Þýskalandi, Malasíu og Bandaríkjunum svo eitthvað sé nefnt.

## DAGSKRÁ BRUNAVARNAÞINGS 2018

**8:30** **Setning og skipun þingstjóra**
Kristján Vilhelm Rúriksson, formaður BTÍ

**8:40** **Kynning á reglugerð 723/2017 um eldvarnaeftirlit**
Guðmundur Guðmundsson, tæknilegur stjórnandi hjá Inspectionem

**9:20** **Varnir og viðbrögð vegna gróðurelda**
Björn Traustason, sérfræðingur hjá skógræktinni

**10:00** **Kaffihlé**

**10.20** **Umhverfi slökkviliða**
Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu

**10:50** **Kynning á menntun slökkviliðsmanna**
Pétur Valdirmarsson, skólastjóri Brunamálaskólans

**11:15** **Kynning á fyrirkomulagi lögregluskólans og hvernig nýlegar breytingar á menntun hafa reynst**
Ólafur Örn Bragason forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar

**11:35** **Kynning á skipulagi brunamálaskóla í Noregi**
Morten Støldal, DSB

**12:00** **Pallborðsumræður og spurningar**

**12:15** **Brunavarnaþingi slitið**

**Strax að loknu þinginu verður aðalfundur Brunatæknifélags Íslands haldinn á sama stað.**